



Héraðsskjalasafn Dalasýslu



Kvenfélagið Árdís (1943-2002)

Kvenfélagið Árdís á Skarðsströnd var formlega stofnað 8. ágúst 1943 af 11 konum á Skarðsströnd. Formenn félagsing voru Steinunn Guðmundsdóttir 1943-1946, Ragnheiður Þorsteinsdóttir 1946-1950 og 1956-1960, Steinunn Haraldsdóttir 1950-1956, Herborg Hjelm 1960-1964, Valdís Þórðardóttir 1964-2002.

Tilgangur félagsins var að efla kynningu og félagsskap kvenna og vekja áhuga á heimilisiðnaði, garðyrkju, líknarstarfsemi og ýmsum öðrum þarflegum framfaramálum.

Félagið stóð fyrir skemmtanahaldi, oft í samstarfi við Ungmennafélagið Vöku. Haldin voru námskeið, handavinnuklúbbar og farið í skemmtiferð. Peningasöfnun var vegna minnismerkis Auðar djúpúðgu og peningagjafir til kirkjugarðsins á Skarði, Björgunarskútusjóðs Breiðafjarðar, Vestmannaeyjasöfnunin ofl. Þá voru haldnar jólaskemmtanir fyrir börn í sveitinni og skiptust félagskonur á að hafa þær á heimilum sínum.

Kvenfélagið Árdís gekk í Samband breiðfirzkra kvenna 1944.

Félaginu var lagt niður árið 2002 þar sem ekki var lengur talið hægt að halda uppi eðlilegu félagsstarfi vegna fámennis.

2015-1 Kvenfélagið Árdís

Afhent 24. mars 2015 af Þórunni Lilju Hilmarsdóttur á Skarði. Gögnin voru áður í vörslu Valdísar Þórðardóttur í Búðardal.

2015-1-1-1 Fundargerðarbók 1943-1999

2015-1-1-2 Laus blöð úr fundargerðarbók

2015-1-1-3 Bókhaldsgögn 1993-1999

Einstaklingar sem hafa í fórum sínum skjöl, ljósmyndir eða muni tengda félaginu er bent á að hafa samband við héraðsskjalavörð til að koma þeim í örugga vörslu og veita aðgang að þeim.

Heimildir

Ingibjörg Árnadóttir, Kristín B. Tómasdóttir og Prúður Kristjánsdóttir. 1973. Samband Breiðfirzkra kvenna 40 ára. Bls. 34-35 (Valdís Þórðardóttir)

Sigríður Thorlacius. 1981. Margar hlýjar hendur. Ágrip af sögu Kvenfélagssambands Íslands, héraðssambanda og félaga, sem það mynda. Útg. Kvenfélagasamband Íslands. Bls. 288-289.